



Markmið verkefnisins

Markmið þessa verkefnis var að taka saman upplýsingar sem nýtast við að skilgreina kröfur um umhverfismál og heilsuverndar- og öryggismál starfsmanna í útboðsgögnum sem og við eftirlit með vegaf framkvæmdum. Einnig að upplýsingarnar verði grunnur að skilvirkari vinnu á sviði umhverfis- og vinnuverndarmála vegagerðar.

Til að ná þessu markmiði voru eftirfarandi undirmarkmið skilgreind:

- Að gera samantekt um gildandi lög, reglugerðir og reglur varðandi umhverfismál og vinnuverndarmál.
- Að greina hvaða lagalegu kröfur eiga við hina mismunandi verkþætti við vega- og brúargerð og hverjir eru helstu áhættuþættir þessara verkþátta.

Framkvæmd

Verkefninu var skipt í tvo hluta. Í fyrri hluta var gerð samantekt á umhverfiskröfum sem skipta máli fyrir starfsemi Vegagerðarinnar og í seinni hlutanum voru vinnuverndar- og öryggismál starfsmanna tekin fyrir. Fyrir umhverfiskröfur voru einnig teknar saman upplýsingar um það hvernig umhverfiskröfur við vega- og brúargerð eru skilgreindar á hinum Norðurlöndunum.

Umhverfiskröfur í útboðsgögnum – hluti 1

Í dag er við gerð útboðsgagna hjá Vegagerðinni stuðst við ritið “Alútboð 95” og “Drög að leiðbeiningum og gátlistum um hönnun vega og brúa” Í þessum ritum er ekki fjallað um kröfur varðandi umhverfismál við vegarlagningu eða brúargerð. Þar er hins vegar vísað almennt til þess að verktakar uppfylli gildandi lög og reglugerðir. Hvergi er hins vegar til samantekt á þessum lögum og reglugerðum. Í þessu verkefni hefur verið leitast við að safna saman á einn stað upplýsingum um þessar innlendu lagalegu kröfur sem gerðar eru til vega- og brúar framkvæmda.

Í skýrslunni er listi yfir þau lög sem eiga við um starfsemi Vegagerðarinnar og verktaka á hennar vegum. Um er að ræða 17 lög. Einnig má finna lista yfir reglugerðir sem tengjast umhverfismálum og geta átt við um starfsemi Vegagerðarinnar. Um er að ræða 25 reglugerðir. Að lokum voru tilteknar tvær reglur sem snerta umhverfismál vegagerðar. Reglurnar eru settar af Vinnueftirlitinu. Allar kröfurnar voru greindar með tilliti til þess hvernig þær eiga við starfsemi Vegagerðarinnar og verktaka á hennar vegum. Kröfulistinn er uppfærður miðað við 1. janúar, 2004.

Á hinum Norðurlöndunum er nokkuð misjafnt hvaða leið Vegagerðirnar hafa valið til þess að koma þessum mikilvægu upplýsingum á framfæri við hönnuði, framkvæmda- og eftirlitsaðila.

Í verkefninu er að lokum fjallað um það hvernig umhverfislegt mat á verktökum og birgjum getur verið hluti af verklagi við val á þeim.

Heilsuverndar- og öryggiskröfur í útboðsgögnum – hluti 2

Eins og varðandi umhverfiskröfur er í dag fyrir heilsuverndar- og öryggiskröfur við gerð útboðsgagna stuðst við ritin *Alútboð '95* og *Drög að leiðbeiningum og gátlistum um hönnun vega og brúa*. Í þessum ritum er ekki fjallað nema að litlu leyti um kröfur varðandi heilsuverndar- og öryggismál við veglagningu. Vísað er almennt til þess að verktakar uppfylli gildandi lög og reglugerðir en hvergi er til samantekt yfir þau ákvæði sem lagaramminn felur í sér.



Í skýrslunni er fjallað um þau lög sem að tengjast öryggismálum og heilsuvernd á einhvern hátt. Um er að ræða sjö lög. Allar reglugerðir og reglur sem byggja á þessum lögum voru greindar, u.þ.b. 90 talsins, og vinsaðar úr þær reglugerðir og reglur sem snerta vegagerð á einhvern hátt. Þær eru 43 talsins. Kröfur þessara reglugerða voru greindar með tilliti til þess hvernig þær snerta starfsemi Vegagerðarinnar og verktaka á hennar vegum. Kröfulistinn er uppfærður m.v. 1. janúar 2005.

Gefin er stutt samantekt af innihaldi allra laga, reglugerða og regla í skýrslunni, og hvernig ákvæði þeirra almennt tengjast verkþáttum vegagerðar. Greiningin gefur ítarlegri upplýsingar um tengsl hvernar einstakrar greinar í reglugerðum og reglum við vegagerð. Þessar upplýsingar eru teknar saman í yfirlitstöflu í skýrslunni svo hægt sé á fljótlegan hátt að fá yfirlit yfir hvaða starfsemi vegagerðar tengist hverri reglugerð fyrir sig.

Lokaorð

Margir aðilar koma að framkvæmdum við vegagerð og eftirliti með vegaframkvæmdum hér á landi. Fyrir þessa aðila er aðgengi að upplýsingum um það hvaða lagalegar kröfur eiga við viðkomandi starfsemi á hverjum tíma mikill fengur.

Vegagerðin gæti viðhaldið þessari greiningu á lagalegum kröfum sem tekin hefur verið saman í þessu verkefni og haft lagalista ásamt tengslum við mismunandi verkþætti aðgengilegan á heimasíðu sinni. Með því að birta upplýsingarnar á stafrænu formi gefst jafnframt tækifæri til að gera þær enn aðgengilegri þar sem setja má gögnin fram á skilvirkari máta, með fleiri uppfletti- og leitarmöguleikum.

Þetta yfirlit gefur jafnframt færi á því að skilgreina nánar þær kröfur sem Vegagerðin gerir til umhverfis-, öryggis- og heilsuverndarmála hjá verktökum í framkvæmdum á vegum hennar. Þannig getur greining á lagalegum kröfum sem hafist hefur með þessu verkefni verið grunnur að útgáfu umhverfis- og öryggishandbókar Vegagerðarinnar, þar sem þeir þættir sem Vegagerðin leggur áherslu á í umhverfis-, öryggis- og heilsuverndarmálum eru skilgreindir. Þær kröfur sem birtast í slíkri handbók geta verið hluti af útboðsgögnum Vegagerðarinnar.

Þessi samantekt er jafnframt mikilvæg sem grunnur að frekari vinnu að umhverfismálum og öryggis- og heilsuverndarmálum innan Vegagerðarinnar. Benda má á að samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber að gera áhættumat á öllum störfum. Þessi samantekt er mikilvægur upphafspunktur í slíkri vinnu, þar sem greining á því hvaða ákvæði eiga við, og hver ekki, skýra línurnar fyrir slíkt mat. Jafnframt er vöktun lagalegra krafna á sviði umhverfismála annars vegar og vinnuverndar og öryggismála hins vegar mikilvægur þáttur í virkri umhverfisstjórnun og öryggisstjórnun hjá Vegagerðinni og hluti af vottunarhæfu umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001 staðlinum og öryggisstjórnunarkerfi skv. staðlinum OHSAS 18001.



Línuhönnun
verkfræðistofa

...á vili gæðna verða